



Ávarp forseta Íslands
við vígslu nýrrar heilsulindar
Bláa Lónsins
15. júlí 1999

Heiðruðu vígslugestir

Grásvert hraunið, auðnin sem í öndverðu var samfelld eldhaf frá bláum fjöllum til fjöruborðs, er vitnisburður um þann sköpunarmátt náttúrunnar sem gert hefur Ísland að einstæðum heimkynnum kraftbirtingar úr iðrum jarðar.

Frá suðurskauti um regindjúp úthafa liðast hryggurinn sem tengir meginlönd heimsálfanna Evrópu og Ameríku í myrkum töfraheimi sem mannsaugu hafa enn ekki litið, heimkynni undrafiska sem aldrei hafa ratað í net, óþekkt veröld og sönnun þess hve þekking mannsins er enn í molum.

Þó fannst Almættinu við hæfi að lyfta þessari hrygglegju við Reykjanes og færa fólkinu sem löngum hefur látið sér nægja að lifa á þorskinum, hrognum hans og lifur - færa því lyklavöld að orkubúi sköpunarinnar. Í þessari náðargjöf fólust fyrirheit, möguleikar sem virkja mætti til veruleika. Með framsýni og nýrri hugsun eru orka og afl hér dregin úr iðrum jarðar og umbreytt í drifkraft framfara og atvinnulífs. Síðan er sköpuð ræktunarstöð heilsu og heilbrigðs lífs; sönnun þess að Íslendingar eru staðráðnir í að nýta auðlindir huga og náttúru á þann hátt sem best fellur að vaxtarbrautum nýrrar aldar, hagkerfinu sem á 21. öld mun færa okkur fyrirtæki sem fyrrum hefðu verið talin draumórar og skýjaborgir.

Við erum í dag vitni að undraverki. Við sjáum hvernig atorka og einbeitti, máttur samtaka og samvinnu, innsæi og hugvit, hafa fært okkur mannvirki sem eru glæsileg samtvinnan á sköpunarverki náttúrunnar og þörf mannsins fyrir heilbrigði og heilsubót.

Við fögnum hér í raun nýju fyrirtæki, glæsilegri og listrænni byggingu og ævintýralegum leik með vatnið í takt við úfið hraun. Hér sannast í verki að aðstandendur og framkvæmdaaðilar hafa skilið að við Íslendingar búum í breyttum heimi. Ný viðhorf um veröld alla gera nú greinar sem áður voru taldar útgjaldabyrði að lyftistöng við að efla þjóðartekjur og gjaldeyrissköpun.

Við höfum vanist þeirri hugsun að starfsemi í þágu heilbrigðis og vellíðunar sé ætíð færð gjaldamegin í uppgjöri þjóðarbúsins. Og reyndar höfum við líka verið alin upp við það viðhorf að hraunauðnin á Suðurnesjum, úfin og svört, rokið og rigningin, séu að mestu til bölvunar; auðævi og hagsæld verði að sækja annað. Þeim viðhorfum er vissulega ögrað hér í dag og með þeim hætti að aldrei verður aftur hægt að klifa á slíkum fornstefjum í umræðu um framfarasókn Íslendinga.

Milljónir um heim allan leita nýrra leiða til að efla heilsu sína og vellíðan. Með hærri lífaldri og betri afkomu þjóða heims fjölgar þeim hratt sem gert hafa heilbrigði að forgangspætti lífshamingjunnar. Nýtt gildismat og breytt siðgæði hollustu í hag gera fjölþætta heilbrigðisþjónustu að sífellt arðvænlegri atvinnugrein.

Í raun er að verða slík eðlisbreyting á vaxtargreinum hagkerfis nýrrar aldar að þjóðir sem fyrstar færa sér í nyt hin nýju tækifæri munu uppskera ríkulega. Þá gildir að láta ekki vanahugsun drepa hugvitið í dróma heldur gefa ímyndunaraflinu lausan taum og vera reiðubúin að sjá leiðir opnast þar sem flestir töldu vera hreinar ófærur.

Hin nýja heilsulind Bláa lónsins er mikið fagnaðarefni og einnig áminning um að ganga nú rösklega til verks við að beita nýrri hugsun til að sjá og virkja auðlindirnar sem felast í óbyggðum Íslands og úfinni náttúru í góðri sátt við umhverfi og aðstæður. Náttúran, ótæmandi sköpunarkraftur hennar kemur okkur sífellt á óvart og sama gildir um hugaraflið sem engin takmörk eru sett.

Ég óska frumkvöðlum þessara glæsilegu framkvæmda til hamingju með að hafa gert draum sinn að veruleika. Ég vil sérstaklega fagna hinu hrífandi samspili mannvirkja og umhverfis sem hér skapar einstæðan ævintýraheim.

Það verður gaman að koma hingað með góða gesti og sýna þeim þá nýju ásjónu landsins okkar sem hér hefur verið mótuð, mörkuð dráttum úr sköpunarverki náttúrunnar, eldinum úr iðrum jarðar. Hér fallast hugvit og listfengi í faðma, hér fara saman sókn til heilbrigðis og vellíðunar, og atvinnurekstur sem vonandi verður uppspretta arðs og framfara, tekjulind sem vísar veginn að tækifærum nýrra tíma; vin í hrauninu sem segir áhrifaríka sögu um sóknarvilja og hugkvæmni Íslendinga.

Hér hefur embætti forseta Íslands og öðrum svo sannarlega verið færður nýr áningarstaður fyrir gesti þjóðar okkar, tigna og nafnfræga; og mun ekki langur tími líða til hinnar fyrstu heimsóknar.

Ég færi Suðurnesjamönnum heillaóskir og þakkir þjóðarinnar allrar fyrir framfararvilja og áræðni. Enn á ný hefur sannast að hér býr vösk sveit frumkvöðla.

Megi gæfa og gott veganesti fylgja öllum þeim sem verða gestir ykkar um ókomin ár.